

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

390. tbl - 9. árg.

26. febrúar 2009



SPARISJÓÐURINN

Ólafsvík

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001

Konudagur í kirkjunni

Konudagurinn var sunnudaginn 22. febrúar og af því tilefni var konudagsmessa í Ólafsvíurkirkju, margar konur á öllum aldri mættu til messu og í andyri kirkjunnar tóku á móti þeim tveir fjallmyndarlegir menn frá Lionsklúbbsi Ólafsvíkur og Rótaryklúbbsi Ólafsvíkur, mennirnir afhentu öllum stúlkum og konum rós og óskuðu þeim til hamingju með daginn. Greinilegt var í messunni hvaða dagur var þar sem að í kórnum voru konur í meirihluta og ritningarlestur var í höndum kvenna úr Lionsklúbbsnum Rán og Kvenfélagi Ólafsvíkur, til að hnykkja enn á konudeginum þá voru flestir sálmarnir sem sungnir voru eftir konur.

Eftir messu var kirkjugest-



um boðið í safnaðarheimilið þar sem rjúkandi súpa beið þeirra.

Í barnaafmælin!

Boðskort, blöðrur, bangsar,
hundatöskur, tréleikfömg, dúkkur
og fl.

Verlunin Hrund

Ólafsbraut 55 Sími: 436 1165



VIRKIÐ
Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18

Frumkvöðull ársins 2008 á Vesturlandi Tilnefning

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi óska eftir tilnefningum um einstaklinga sem skara fram úr í þróun nýrrar vöru, þjónustu eða viðburða í landshlutanum og eru þess verðir að hljóta sæmdarheitið

Frumkvöðull ársins 2008 á Vesturlandi.

Dugnaður og frumkvæði eru mikilvægir eiginleikar í sérhverju samfélagi, ekki síst í smáum samfélögum. Þessir eiginleikar jafnvel fárra einstaklinga geta skipt sköpum um það hversu lífvænlegt er að búa í litlu samfélagi í dreifbýlinu.

Dórnafnd mun velja úr innsendum tilnefningum og tilkynna val á frumkvöðli ársins á **frumkvöðla- og nýsköpunardegi** sem haldinn verður í apríl næstkomandi.

Dórnafnd mun einkum horfa til eftirfarandi:

- Nýjabrum á svæðinu.* Nýnæmi í framkvæmdum, atvinnulífi eða félagslífi.
- Framfarir. Hversu mikið framfaraskref er um að ræða fyrir landshlutann.
- Áraði. Hversu mikið áraði og fyrirbyggju þurfti til að gera verk úr hugmyndinni.

*Svæði getur náð yfir allt Vesturland eða viðkomandi sveitarfélag, allt eftir eðli starfseminnar og verður að meta það í hverju tilfalli fyrir sig.

Tilnefningar berist til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, eða með tölvupósti á netfangið frumkvodull@ssv.is.

Tilnefningar þarf að rökstyðja með fáeinum orðum.

Tilnefningar þurfa að hafa borist fyrir 15. mars næstkomandi.



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

www.ssv.is

Blakmót

Um helgina fór fram önnur umferð í 3. deild kvenna Suður A og Suður B. Það voru 14 lið sem tóku þátt í keppninni en mótið fór fram hér í Snæfellsbæ. Alls voru leiknir 42 leikir á föstudag og laugardag og gekk heimaliðunum Reyni og Víking mjög vel og komust í úrslit. Úrslitamótið verður helgina 20.-21. mars á Álftanesi þar sem verður skorið úr um 3. deildarmeistara 2009. Alls eru 24 lið í 3. deild yfir landið allt. Það sannaðist enn og aftur um helgina hve lánsöm við erum að eiga gott íþróttahús á staðnum og frábært fólk sem er tilbúið að leggja á sig sjálfböðavinnu til að mót sem þetta heppnist sem best og ekki má gleyma þeim fjölmörgu heimamönnum sem fjölmenntu á



pallanna, studdu sitt fólk og áttu áreiðanlega sinn þátt í hversu vel gekk hjá heimaliðunum.

Getraunir

Fjórðu umferð lauk þannig: Hobbitinn-Deloitte 3-7. Ferskur-Bylgjankvk 5-8. Gunnar Bjarnason-Bylgjankk 9-7. Vinir Togga-Vk lagnir 6-8. Steinprent-Saxhamar 9-6. Dísurnar-Fiskv Björg 7-7.

Í 5 umferð mætast Saxhamar-Gunnar Bjarnason. Deloitte-Dísurnar. VK lagnir-Ferskur. Fiskv Björg-Vinir Togga.Bylgjankk-Hobbitinn. Bylgjankvk-Steinprent.Í síðustu viku jafnaðist staðan meira þannig að allir hafa enn möguleika á að vinna.

Nú er Víkingur kominn á topp 20 sölulista getrauna. Því er um að gera að halda áfram á sömu braut því þá hækkuð við ennþá betur á listanum og sínum hvað í okkur býr. Fyrsti vinningur um helgina er 30 milljónir. Ópið á laugardögum í Íþróttahúsinu frá 10.30-13.00.

Heitt kaffi á könnunni. Munið Félagsnúmerið 355. Áfram Víkingur. Stjáni Tótu.



HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

HAMBORGARATILBOÐ

fyrir einstaklinga og fjölskyldur

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Úpplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja? Logar viðvörðunarljós í mælaborði? Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

Tilboð opnuð í Jaðar



Framkvæmdasýsla ríkisins auglýsti fyrir skömmu fyrir hönd Snæfellsbæjar og Félags- og tryggingamálaráðuneytisins eftir tilboðum í rúmlega 1100 fm stækkun á Jaðri, stækkunin sem verður á tveimur hæðum mun tengjast eldri byggingu með tengigangi. Samkvæmt útbodslýsingunni á verkinu vera að fullu lokið í síðasta lagi 1. júlí 2010 eða eftir rúma 16 mánuði.

Mikill áhugi var á verkinu því að þegar tilboðin voru opnuð s.l. þriðjudag kom í ljós að 26 tilboðum hafði

verið skilað í verkið. Lægsta tilboðið kom frá Nesbyggð ehf. og hljóðaði upp á tæpar 238 milljónir, íbúar Snæfellsbæjar eru vel kunnugir Nesbyggð en stutt er síðan fyrirtækið afhenti fyrstu íbúðirnar í fjölbýlishúsi við Fossabrekku í Ólafsvík. Tilboð Nesbyggðar er 66,59% af kostnaðaráætlun sem var tæplega 357,5 milljónir, hæsta tilboðið hljóðaði upp á rúmar 405 milljónir.

Framkvæmdasýsla ríkisins mun nú fara yfir tilboðin áður en ákveðið verður við hvern verður samið.

Gefa lyftu og uppsetningu í Klif



Þorablótið í Ólafsvík var haldið þann 7. þessa mánaðar, og þótti takast afskaplega vel, skemmtiatriðin voru frábær og náðu hámarki þegar lifandi hænsnfuglar og sauðfé tók þátt í leiknu atriði sem fjallaði um tómstundabændur í Ólafsvík, segir sagan að enn sé verið að þrifa bílinn sem var notaður til fjárflutninganna.

Þorablótsnefndin hefur staðið í ströngu frá því að formlegri vinnu við þorablótið lauk, búið er að saga gat í sviðið í Félagsheimilinu Klifi og niður um gatið er búið að setja lyftu. Lyftan á síðan að gera alla flutninga á áhöldum og sviðsmunum

auðveldari ofan í eða uppúr kjallaranum sem er undir sviðinu. Mikil vinna liggur í þessu verki og mörg handtök búið að vinna um helgar og á kvöldin undanfarnar vikur, talsverð vinna er þó eftir þar sem að huga þarf að ýmsu er varðar öryggismál og frágang áður en verkið er fullskapað.

Starf nefndarinnar nú er gott dæmi um það hve Klif hefur notið þess að félagsstarf í sveitarfélaginu er blómlegt, í gegnum tíðina hafa félagasamtök og hópar einstaklinga gefið búnað og vinnu í húsið sem nemur tugum milljóna.

INGJALDSHÓLSKIRKJA

Sameiginlegur

sunnudagaskóli

Ingjaldshóls- og Ólafsvíkurkirkna
nk. sunnudag kl. 11.

Allir velkomnir

Sóknarprestur



Snæfellingar

Karлакórin Lóuprælar úr Húnaþingi heldur söngskemmtun í Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 28. febrúar nk. kl. 16.

Aðgangseyrir 1500 kr.- (ekki posi).

Karлакórin Lóuprælar



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylga@bylgja.is



Samfylkingin

Norðvesturkjördæmi

FUNDUR Í SNÆFELLSBÆ

Kynningarfundur frambjóðenda í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi verður haldinn laugardaginn 28. febrúar kl 15:00 á Hótel Hellissandi.

Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar má fá á xsnv.blog.is

Pólitík

Þessa dagana rignir yfir ritstjóra Jökuls yfirlýsingum frá hinum og þessum frambjóðendum um það hvaða sæti þeir hugsi sér að sækjast eftir á listum fyrir kosningarnar í vor. Ákveðið hefur verið að ekki verði birtar greinar eða pistlar um frambjóðendur nema þeir búi í Snæfellsbæ.

Íbúar Snæfellsbæjar geta eftir sem áður komið sínum skoðunum á framfæri í Jökli, þó gilda sömu reglur og áður um lengd greina, þ.e.

að grein má ekki vera lengri en sem nemur 3000 innsláttum með bilum, það er u.þ.b. ein síða A-4 í 14 pt. lettri. Ef mynd fylgir þá má innsláttafjöldi ekki vera meira en 2.400 með bilum.

Ef lítið pláss er í blaðinu verða pólitísku greinarnar fyrstar að fjúka.

Rétt er að minna á skilafrest í Jökul en það er fyrir kl. 19 á þriðjudag fyrir útgáfu. Það er í lagi að skila fyr.

Gönguleiðir um Snæfellsnesfjallgarð

Við sem búum hér á Snæfellsnesi erum rík að hafa fjöllum prýddan fjallgarðinn með sýnum ótalmörgu tækifærum og gegnum árin hafa margir verið með þá hugmynd að skipuleggja gönguleiðir um fjallgarðinn og þá horft til gamalla ferðaleiða.

Á haustmánuðum ákvað sá sem ritar þessa grein að vinna til hlítar með þá hugmynd, að hanna nýja gönguleið eftir Snæfellsnesfjallgarði. Hin nýja gönguleið mun liggja eftir Snæfellsnesfjallgarðinum miðjum frá Heydal austan við Ljósufjöll og alla leið vestur að Snæfellsnesjökli og er vegalengd- in yfir 80 km.

Að hanna gönguleiðina

Ekki er skipulögð gönguleið þarna og eru ýmsir möguleikar við hönnun þessarar vöru. Gengið er gegnum þrjú eldstöðvakerfi sem eru Ljósufjallaeldstöðin, Elliðaeldstöðin og svo Snæfellsjökull sem trónir vestast á nesinu og er enn virkur. Þarna á hinni fyrirhuguðu leið er ægífagurt útsýni, fjölbreytilegt landslag og jarðmyndanir. Hverjir eru líklegir til þess að ganga þessa leið? Að sumri til kemur fólk sem vill prófa nýjar gönguleiðir. Hið almenna útivistarfólk sem við sjáum hvarvetna. Er hægt að miða þessa gönguleið við aðrar á Íslandi? Sambærilegar gönguleiðir eru t.d. Jarlhettuleið sunnan Langjökuls og Laugavegurinn. Að vetri

til eru hvarvetna á fjallgarðinum aðstæður til gönguferða og annara ferðalaga eins og hjá gönguskiðafólki og ísklifrarar myndu reyna sig á hinum ýmsu tindum sem skaga upp úr fjallgarðinum.

Leiðina þarf að stika og GPS merkja. Vegvísar og leiðbeiningaskilti eru nauðsynleg á leiðinni, enda er víða villugjarnt. Á fjallgarðinum vill verða illviðrasamt og oft er þokugjarnt. Að hanna svona gönguleið kemur til kasta margra aðila. Æskilegt er að stofna ferðadeildir á ákveðnum stöðum og þær deildir munu sjá um alla hugmyndavinnu um hönnun og merkingu leiðarinnar og fá stuðning við það hjá stoðkerfum ferðabjónustunnar á Snæfellsnesinu og á landsvísu. Ferðadeildirnar verða mikilvægar í sínu heimahéraði við alls konar viðburði, verkefni á sviði útivistar og gönguferða. Þessi nýja gönguleið er og verður mikilvæg í markaðssetningu Snæfellsness, á því er enginn vafi og samstarf ferðabjónustuaðila og landeigenda beggja vegna fjallgarðs er þess vegna nauðsynleg.

Dulúðin á leiðinni

Snæfellsjökull er segullinn og er þetta hugtak víða þekkt. Hvort sem göngumaður stefnir í austurátt eða vesturátt á þessari gönguleið má hann búast við ýmsu ávæntu, eins og skrímslum í vötnum og víða eru tröll og draugar á ferð. Göngumaður

getur hannað gönguleiðina eftir eigin áherslum. Á láglandinu eru ferðabjónustubærir og hann byrjar að ganga þar sem honum hentar og endar hvar sem hann vill. Víða er hægt að leggja leið sýna niður á láglandið og dalbotnana eftir merktum leiðum og eiga náttstað hvort sem það er á tjaldsvæðum eða ferðabjónustubæjum og ekki sakar að fá sér notalegan kvöldverð þar, eða á veitingastað í fallegu þorpi við sjávarsíðuna, kynast síðum og hugarheim fólksins sem þar býr og láta líða úr sér þreytuna við óviðjafnanlegt sólsetur.

Þessi nýja gönguleið verður vaxtarbroddur. Hún styrkir byggðirnar, eykur samheldni og samstarf íbúa og bjónustuaðila.

Um miðjan mars mun ég halda kynningarfund í Sögu- miðstöðinni í Grundarfirði um hina nýju gönguleið og möguleika fjallgarðsins og þar munu forsvarsmenn Ferðafélags Íslands eru væntanlegir og kynna starfsemi félagsins og hinna mörgu deilda félagsins sem starfa sjálfstætt á landinu. Þá gefst tækifæri fyrir áhugafólk að ræða hinar ýmsu hugmyndir sem vissulega koma upp um þetta málefni. Kynningarfundurinn verður auglýstur síðar. Nánari upplýsingar eru hjá Jónasi V Guðmundssyni markaðsstjóra Grundarfjarðar.

Kveðja

Gunnar Njálsson,
ferðamálafræðingur
Grundarfirði

Viltu læra kínversku í Ólafsvík?

Þér er boðið á nýtt námskeið fyrir byrjendur sem hefst þann 3. mars frá kl. 18 til kl. 19.30 í grunnskólanum.

Skráning og vikulegir tímar verða ókeypis eins og á síðasta ári.

Renaud Mercier, kennari.

Snæfellsjökull þynnist

Á heimasíðu Veðurstofu Íslands kemur fram að Snæfellsjökull er um 12,5 ferkílómetrar að flatarmáli og hefur þynnst og hogað mikið á síðustu árum. Með sam- anburði mælinga sem fram fóru í september 2008 við hæðarlíkan Loftmynda ehf. frá 1999 má reikna meðal- lækkun jökulyfirborðsins á þessu tímabili og reyndist hún rúmlega 13 m, eða um

1,5 m á ári að meðaltali. Rýrnunin er hátt í tvöfalt hraðari en afkomumælingar á Hofsjökli og Vatnajökli gefa til kynna á sama tímabili en svipuð og á Langjökli.

Jökullinn hefur þynnst mest við jaðarinn, um meira en 40 m þar sem mest er, en minnst á hábungunni, þar sem yfirborðið hefur lækkað um u.þ.b. 5 m að meðaltali ofan 1200 m y.s.

HEIM-SENDIR

Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími: 431 5613 - netfang: vorur@simnet.is
Lauga: 895 5613 - Halli: 899 5613 - Víðir: 899 5624



Vöruafgreiðsla að Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Ferðir alla virka daga frá Norðurtanga 1 í Snæfellsbæ kl. 10

og frá afgreiðslu að Skútuvogi 13 í Reykjavík kl. 17

Saumakonur hittast

Laugardaginn 21. febrúar sl. var saumadagur hjá búta-
saumskonum í Snæfellsbæ.
Þær Krístrún Geirsdóttir og
Sigríður Bjarkadóttir komu
frá Quiltbúðinni á Akureyri
og voru með efni og sýnis-
horn af verkefnum sem að
féllu vel í kramið hjá Snæ-
fellskum saumakonum sem
tóku til óspilltra málanna og
fóru að sníða og sauma.
Norðlensku bútasaumskon-
urnar voru einnig með garn
og ýmsan smávarnig sem til-
heyrir saumaskap. Auk kven-
na úr Snæfellsbæ komu ein-
nig konur úr Stykkishólmi í
heimsókn til að kynna sér
saumaskap á utanverðu nes-
inu og versla efni. Sauma-
skapurinn byrjaði klukkan
10 um morgunin og stóð til
kl. 16 og var það mál kvenna
sem þátt tóku að þetta hafi
lukkast með eindæmum vel.



Northern Wave

Alþjóðlega Stuttmynda-
hátíðin Northern Wave
verður haldin í annað skiptið
helgina 27. febrúar næstko-
mandi til 1. mars í
Grundarfirði. Hátíðin var
haldin í fyrsta skipti í febrúar
2008 og vakti mikla ánægju
meðal Grundfirðinga og
allra þeirra sem að sóttu
hátíðina heim. Vegna mikil-
lar hvatningar hefur hátíðin
nú verið gerð að árlegum
viðburði. Í ár hafa borist
rúmlega 90 stuttmyndir og
tónlistarmyndbönd frá 15
löndum. Aðeins 50 af þes-
sum myndum verða þó sýn-
dar í ár og er samkeppnin
mun harðari en í fyrra.
Gjörninga og listahópurin
The Weird Girls eru einar af
þeim sem að eiga tónlis-
tarmyndband á hátíðinni en
The Weird Girls ætla að
framkvæma sinn næsta
gjörning Episode 7 á meðan

að á hátíðinni stendur en
þess má geta að sérstök
heimildarmynd er í vinnslu
um allt ferlið og komu þes-
sara 20 stúlkna á hátíðina.
Listakonan og plötus-
núðurinn Kiki-Ow sem að er
í forsvari fyrir hópinn mun
einnig skemmta á sérstöku
electro/ninties lokahófi lau-
gardagskvöldið 28. febrúar
ásamt Dj Mokki sem er ein-
nig meðlimur Weird Girls.
Tvíeykið og systkynin Tanya
og Marlon Pollock munu
hita upp fyrir þær með dans-
vænni elektró tónlist. Á fös-
tudagskvöldið verður svo
boðið uppá tónleika með
hljómsveitinni Dlx Atx og
ameríska harmonikkus-
nillingnum Matt Rock.
Dómarar hátíðarinnar verða
sem fyrr Hilmar Örn
Hilmarsson tónskáld og
Kristín Jóhannesdóttir leik-
stýra en sérstakur gestadó-

mari og fyrirlesari verður
franski leikstjóri Bertrand
Mandico. Bertrand þykir
hafa skapað sér sértakan
myndheim sem að einken-
nist af skuggalegu andrúm-
slofti og kaldhæðni sem min-
nir á einhverskonar blöndu
af David Lynch og Michel
Gondry. Bertrand er
margverðlaunaður fyrir yfir
40 stuttmyndir, auglýsingar
og tónlistarmyndbönd og
hefur nú hlotið styrk frá
Torino film lab fyrir sinni
fyrstu bíómynd í fullri lengd
„The Man Who Hides the
Forest“. Bertrand mun sýna
brot úr myndum sínum á
hátíðinni og halda fyrir-
lestur. Ein bíómynd í fullri
lengd verður til sýningar á
Northern Wave en það er
fyrsta íslenska Avant Garde
myndin „Háveruleiki“ sem

að verður sýnd á fös-
tudagskvöldið að viðstöð-
dum leikstýrum myndarinnar
Ásdísi Sif Gunnarsdóttur
og Ingibjörgu Magnadóttur.
Frekari upplýsingar um
dagskrá hátíðarinnar og
gistingu er hægt að nálgast á
www.northernwavefestival.com.
Bílar og fólk hafa
lækkað verð á áætlunarfer-
ðum sínum til
Grundarfjarðar um 50% til
að hvetja fólk til að koma á
hátíðina og bæði gistiheimili
Grundarfjarðar og Hótel
Framnes bjóða uppá sérstök
tilboð yfir helgina. Búist er
við að hátt í 200 manns sækji
hátíðina heim ókeypist er inn
á allar bíósýningar og fyrir-
lestra og kostar aðeins 2000
krónur inná þá tónlis-
tarviðburði sem í boði eru.

Smáauglýsingar

Fiskabúr til sölu

2 stk fiskabúr til sölu, 30 lítra með öllu sem til þarf nema vatni og fiskum.
Verð pr. stk 8.000. Uppl. í síma 893 5443



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Tónlistarskóli Snæfellsbæjar
Hjardartún 6. 355 Snæfellsbær

Kæru nemendur Tónlistarskóla Snæfellsbæjar,
foreldrar og forráðamenn,

af gefnu tilefni eru hér birtar reglur Tónlistarskólans

REGLUR TÓNLISTARSKÓLA SNÆFELLSBÆJAR

- 1) Eingöngu er hægt að sækja um skólavist á auglýstum tíma.
- 2) Eingöngu er hægt að gera breytingar á skólavist ef mjög mikilvægar ástæður liggja fyrir, eins og t.d. flutningur eða veikindi.
- 3) Greiða þarf fyrir hverja önn í tónlistarskólanum á réttum tíma. Þó nemandi hætti í skólanum eftir að önnin er byrjuð þá þarf engu að síður að greiða fyrir alla önnina.
- 4) Ef barn fær inngöngu í tónlistarskólann skuldbindur það sig til að fara í einu og öllu eftir því sem tónlistarkennarinn ætlast til af því. Barnið skuldbindur sig einnig til að mæta á alla tónfundi, tónleika og í vorpróf. Af og til getur einnig verið nauðsynlegt að vera með auka æfingar og verður barnið að skuldbinda sig til að mæta á þær ef kennari fer fram á það.
- 5) Barnið skal mæta í alla tónlistartíma vetrarins nema eitthvað mikilvægt komi í veg fyrir það, eins og t.d. veikindi. Skal þá undan-tekningarlaust láta tónlistarkennara vita og fá leyfi frá honum ef ástæðan er önnur en veikindi.
- 6) Tónfræði er kennd öllum að kostnaðarlausu fyrir nemendur 3. - 10. bekkjar. Þetta er mikilvægt fag og nauðsynlegt að börn mæti í þá tíma sem þeim stendur til boða.
- 7) Börn þurfa alltaf að mæta í tíma með bláu æfingabókina sem þau fá í byrjun skólaárs. Í hverjum tíma skrifar tónlistarkennari í bókina og gott væri að foreldrar læsu bókina til að fylgjast með framgangi barna sinna.
- 8) Mikilvægt er fyrir tónlistarþroska barnsins að það æfi sig heima.
- 9) Tónlistarmenntun kostar peninga og mikilvægt er að foreldrar fylgist með því hvernig börnum þeirra gengur í sínu tónlistarnámi. Foreldrar verða að sýna áhuga og bera ábyrgð á námi barna sinna.
- 10) Tónlistarnám er ekki skyldunám. Einmitt þess vegna er það mikilvægt að í tónlistarskólann komi aðeins þeir sem hafi áhuga á að læra tónlist og þeir sem eru tilbúnir til að fara eftir reglum tónlistarskólans.

Tónlistarskólastjóri



SNÆFELLSBÆR
...þar sem Jökullinn ber við loft...

Auglýsing

um breytingu á skipulagi Snæfellsbæjar

Í samræmi við 25. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Snæfellsbæ.

Deiliskipulag þorpsins á Hellnum, Snæfellsbæ

Um er að ræða breytingu á núverandi deiliskipulagi. Breytingin felur í sér færslu á tveimur byggingarreitum til norðurs. Deiliskipulagið er í samræmi við staðfest aðalskipulag Snæfellsbæjar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, virka daga frá kl. 9:00 - 12:00 og 13:00 - 15:30 frá og með 26. febrúar - 9. apríl 2009. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 9. apríl 2009. Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykka tillöguna.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

Kaffihúsadagur í Gamla Rifi



**Sunnudaginn 1. mars ætlar 6. bekkur
í Grunnskóla Snæfellsbæjar að hafa
opið kaffihús í Gamla Rifi frá kl : 15- 18.**

**Boðið verður upp á kaffi og meðlæti á vægu verði
og munu börnin sjálf afgreiða og bera fram.**

**Tilefnið er söfnun fyrir ferð í skólabúðirnar að Reykjum í
Hrútafirði sem áætlað er að fara í næsta haust.
Ekki er hægt að taka á móti greiðslukortum á staðnum.
Allir eru velkomnir og vonumst við til að sjá sem flesta.**

Kær kveðja 6. bekkur